



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 5.júní 2019  
Tilvísun 1810049/10.1

### **Breytingar á sérreglum vegna auglýsingar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2018/2019. Stöðvarfjörður**

Bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum þ.24.5.2019 sl.að fela atvinnu- og þróunarstjóra Fjarðabyggðar að leggja til breytingar á sérreglum um byggðakvóta fyrir Stöðvarfjörð fyrir fiskveiðiárið 2018/2019, reglugerð nr.685/2018 til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Óskað er eftir breytingu á áður auglýstum reglum þannig:

#### **Fjarðabyggð.**

Ákvæði reglugerðar nr. 685 frá 5. júlí 2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Stöðvarfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði b-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 1. *april 2019.*
- b) Ákvæði 1. másl. c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í *sveitarfélaginu 1. april 2019.*
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *á þann veg að 37% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 63% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip*, miðað við allan landaðan botnfiskafla á Stöðvarfirði, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.
- d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa á Stöðvarfirði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Fjarðabyggðar til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.



Ástæða fyrir ofangreindum breytingum er að engar umsóknir bárust vegna fyrri auglýsingar Fjarðabyggðar fyrir lok áður auglýsts umsóknarfrests.



Valgeir Ægir Ingólfsson  
Atvinnu- og þróunarstjóri